

Stjórnarfundur Kolviðar
Haldinn 09. október 2020 í fjarfundi

Mætt: Brynjólfur Jónsson (BJ), Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson (JBUT), Reynir Kristinsson (RK) og Rósbjörg Jónsdóttir (RJ). Ragnhildur Freysteinsdóttir (RF) ritaði fundargerð. Jónatan Garðarsson hringdi stuttlega inn á fund.

1. **Fundargerð síðasta fundar.** Stuttlega farið yfir. Fundargerð samþykkt.
2. **Reikningar.** RK fór stuttlega yfir niðurstöðu á útsendingu reikninga í september. Stærsti hluti fyrirtækja hefur, þrátt fyrir ástandið í þjóðfélaginu, greitt reikninga. Nokkur fyrirtæki hafa beðið um niðurfellingu eða frestun, en almennt er afföll lítil.
3. **Markaðsmál.**
 - **Ársfundur Kolviðar.** Ársfundur var haldinn með streymi þann 28. september. RK flutti skýrslu yfir það helsta úr starfi sjóðsins. Jón Ásgeir Jónsson, verkefnastjóri hjá Skógræktarfélagi Íslands, sagði frá gróðursetningu Kolviðarskóga, Edda S. Oddsdóttir, rannsóknasviði Skógræktarinnar á Mógilsá, flutti erindi um loftslagsskóga á Mosfellsheiði og mælingar á kolefnisbindingu á Geitasandi og Árni H. Kristinsson, framkvæmdastjóri British Standard á Íslandi, fjallaði um vottun Kolviðar. Ársfundur var tekinn upp og verður deilt á heimasíðu og Facebook-síðu Kolviðar.
 - **Umræða um loftslagsmál.** Rætt um að umræður um loftslagsmál gætu orðið meiri á næstunni þar sem framundan er kosningavetur, auk þess sem umhverfismál hafa komið inn í umræðu um uppbyggingu í kjölfar Covid-19. Huga þarf að aðkomu Kolviðar að og í umræðu.
4. **Ræktunarlönd.** RK fer stuttlega yfir aðila sem verið hafa í samband vegna landa fyrir Kolviðarskóga. RK og Jón Ásgeir Jónsson stefna að nánari skoðun á lista í næstu viku.
 - Reykholt. Búið er að skrifa undir samning. Biskupsstofa er með í vinnslu þinglýsingu á viðbót við samning kirkjunnar við Skógræktarfélag Borgarfjarðar. Reykholt ætti að koma inn til gróðursetningar á næsta ári.
 - Skálholt. Samningar um land undirritaðir við athöfn, en frumrit týndust hjá kirkjunni. Frumrit frá Skógræktarfélagi Íslands fundust og samningur kominn í ferli. Styttist því í að hægt sé að ganga frá samningi Kolviðar við Skógræktarfélag Íslands um framkvæmdir. Gróðursetning væntanleg á næsta ári.
 - Viðbrögð við auglýsingu. Nokkrar fyrirspurnir – á lista frá RK. Vangaveltur um að vinna beint með sveitarfélögum og landshlutasamtökum. Ríki og kirkja eiga líka töluvert af landi.
5. **Gróðursetningar sumarsins.** Jón Ásgeir fór yfir á Ársfundi. Búið er að setja allt niður á Húsavík sem þar átti að setja niður, gróðursetningar á Úlfjótsvatni og Geitasandi klárast innan tveggja vikna ef veður verður hagstætt.
 - Milljónasta tréð. Milljónasta tréð gróðursett á vegum Kolviðar fór í jörðu 8. september í blíðskaparveðri, af fulltrúum frá Kolviði og Skógræktarfélagi Íslands, auk vinnuhóps Skógræktarfélags Íslands.
6. **Vottun Kolviðar.** Næstu skref. Árni H. Kristinsson hefur verið í samstarfi við aðila í Danmörku sem hafa áhuga á vottun eins og fyrir Kolvið. Kolviður þarf ráðgjöf varðandi aðlögun verkefnalýsingar til að uppfylla möguleg skilyrði. Gert er ráð fyrir 1 milljón króna í slíka ráðgjöf, sem er í góðu samræmi við áætlun frá vottunaraðila um hvað slík ráðgjöf gæti kostað. Rætt um möguleika á að sækja um styrk í vinnu við vottun (t.d. frá Umhverfisráðuneytinu), þar sem sú vinna nýtist öðrum en Kolviði. RK gerir ráð fyrir að fá fljótlega tillögur frá British Standard á Íslandi. Mætti senda þær á ráðuneyti og athuga með samstarf um þetta.
7. **Önnur mál.**
 - JBUT minntist á ráðstefnu – Faith for Nature - sem fram fór í Skálholti á vegum trúfélaga. Öll trúfélögin sammála um að barátta gegn loftslagsbreytingum sé í samræmi við þeirra trú. Þjóðkirkjan er ekki með kolefnisbindingu hjá Kolviði – athuga með að koma þeim í samstarf.
 - Næstu fundir Kolviðar. RK sendir fundarboð. Dagsetningar eru 20. nóv., 22. janúar 2021, 26. febr., 26. mars, 30. apríl, 28. maí og 25. júní.

Fundi slitið 12:46.